



Alþingi
Erindi nr. P 139/737
komudagur 7.12.2010

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 6. desember 2010
Tilv.: 40.13

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 84/2007, 189. mál

Landspítali hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Markmið frumvarpsins er að auka möguleika ríkisins á hagkvæmari innkaupum meðal annars með þátttöku í útboðum í öðrum löndum.

Það hefur lengi verið áhugi hjá Landspítala að geta átt möguleika á samstarfi við nágrannaþjóðir um sameiginleg útboð og innkaup á lyfjum, hjúkrunarvörum og lækningatækjum. Með lagabreytingunni verður rutt úr vegi þeirri lagalegu hindrun sem verið hefur fyrir slíku samstarfi. Hún styður við megininntak EES-samningsins um frjálst flæði vöru og þjónustu þar sem íslenska ríkið og stofnanir þess geta eftir breytinguna nýtt sér ávinning af samkeppni á stærri mörkuðum sem stofnað er til af miðlægum innkaupastofnunum nágrannaþjóða.

Landspítali mun væntanlega nýta sér þetta ákvæði í undantekningartilfellum því innlend útboð hafa í flestum tilfellum skilað góðum árangri og vöruverð verið gott, stundum betra en hjá viðmiðunarlöndum. Samt eru mörg dæmi sem sýna óviðunandi mun á verði svo sem þegar Própófól svæfingarlyf var boðið út árið 2009. Þá kom innlent tilboð upp á 20,4 milljónir króna í ársnotkun Landspítalans á lyfinu. Norðmenn buðu þetta lyf út á sama tíma og miðað við norska verðið hjá LIS (Legemiddel innkjöps-samarbeidet) þá hefði ársnotkun Landspítala kostað 6,7 milljónir króna. Jafnvel þótt tvöfalda þyrfti norska verðið, sem er ólíklegt, vegna kostnaðar sem greiddur yrði til íslenskra þjónustufyrirtækja til að uppfylla allar reglur um innflutning og meðhöndlun slíkrar vöru, þá væri ávinningurinn samt verulegur fyrir þetta eina lyf. Á markaði eins og þeim norska, þar sem fleiri lyf eru gjarnan skráð í hverjum lyfjaflokki en á Íslandi, er samkeppni oftast meiri sem eykur líkur á hagstæðara verði.

Landspítali fagnar frumvarpinu og gerir ekki efnislegar athugasemdir við það.

Virðingarfyllt,
f.h. Landspítala

María Heimisdóttir,
settur framkvæmdastjóri fjármálasviðs